



SJÁLFSMATSSKÝRSLA

2011-2012

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur	3
Námskrá og mat á skólastarfi	5
Verk- og framkvæmdaráætlun 2011-2014.....	6
Innra mat	7
Niðurstöður kennslumats á haustönn 2011 og vorönn 2012	7
Viðhorfskönnun nemenda.....	9
Brottfall.....	15
Námskrá	19
Stefnur og skýrslur.....	20
Ytra mat.....	22
Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis	22
Stofnun ársins 2012.....	23
Greining á vinnustaðamenningu sérnámsbrautar	25
Markmið og úrbætur	26

Inngangur

FÁ hefur starfað sem fjölbrautaskóli með áfangakerfi í rúma þrjá áratugi. Í skólanum hafa skapast ýmsar hefðir sem ástæða er til að halda í heiðri, til dæmis að því er varðar vinsamleg og ánægjuleg samskipti nemenda og starfsfólks sem m.a. má rekja til þess að frá upphafi hefur nemendahópurinn komið víðs vegar að af landinu, komið frá mismunandi löndum, verið á ýmsum aldri og búið yfir fjölbreyttri reynslu. Þessari sérstöðu vill skólinn halda og laða áfram að fjölbreyttan hóp nemenda á öllum getustigum. Skólinn leggur áherslu á gagnkvæma virðingu starfsfólks og nemenda og stuðla þannig að heilbrigðu andrúmslofti í skólanum. Í skólanum á að vera fjölbreytilegt framboð á námi og kappkostað að gera það aðlaðandi og aðgengilegt fyrir nemendur með margvíslegum kennsluaðferðum og námsmati.

Boðið er upp á bóknámsbrautir til stúdentsprófs, starfsmenntabrautir á heilbrigðissviði, viðbótarnám á starfsmenntabrautum til stúdentsprófs, sérnámsbrautir og almenna námsbraut. Í FÁ er stór deild fyrir nemendur sem eiga annað móðurmál en Íslensku. Í skólanum er sérnámsbraut sem er ætluð fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Auk þess rekur skólinn öflugt fjarnám og hefur verið leiðandi á því sviði.

Á vorönn 2011 hófst kennsla í framhaldsnámi (nám á fjórða þrepi) fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun og framhaldsnámi í sjúkrahúslyfjatækni. Þetta er viðbótarnám eftir starfsnám og jafngildir rúmlega eins árs fagháskólanámi og munu fyrstu nemendur útskrifast í desember 2012. FÁ hefur unnið að þessu verkefni í nokkur ár í nánú samstarfi við Landspítalann, Sjúkraliðafélag Íslands, Lyfjatæknafélag Íslands, landlækni og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ytri úttekt á þessum tveimur námsbrautum mun fara fram haustið 2012 og ljúka í mars 2013.

Á vorönn 2011 fékk skólinn leyfi til að bjóða upp á framhaldsskólabraut. Brautin er hugsuð fyrir nemendur sem hafa haft aðlagð námsefni í flestum eða öllum bóklegum námsgreinum grunnskólans. Markmiðið er að byggja upp sjálfstraust nemendanna og virkja vinnusemi þeirra. Lokamarkmið er að útskrifa þá með framhaldsskólapróf sem auðveldar þeim að fá vinnu eða að takast á við frekara nám.

Hlutverk Fjölbrautaskólans við Ármúla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda skólans svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Megináhersla er á grunnþætti menntunar, þ.e. læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Meginmarkmið skólans er að flétta grunnþættina inn í alla kennslu sem og starf skólans og þjóna þannig enn betur þeim fölbreytta nemendahóp sem stundar nám við skólann. Skólinn leitast við að efla ábyrgð, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda sinna, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar. Þannig er tryggt að nemendur séu sem best undirbúnir undir frekara nám eða störf úti í samfélaginu.

Nemendahópurinn í FÁ er mjög fjölbreyttur, nemendur eru frá sextán ára upp í sjötugt. Þann 15. október 2011 voru 2585 nemendur í FÁ samkvæmt tölum Hagstofu Íslands og var skólinn sá næstfjölmennasti á landinu. Starfsmenn skólans voru um 120.

Námskrá og mat á skólastarfi

Námskrá skólans er á vefrænu formi. Kaflarnir eru hnitmiðaðir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmið skólans. Í hverjum kafla eru tenglar sem vísa í ítarlegri áætlanir, lýsingar, deilimarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífelldri endurskoðun og þróun. Með slíkri útgáfu er hægt að tengja skólanámskrá og skólastarf á hverjum tíma nánari böndum en unnt er með hefðbundinni útgáfu á prenti. Texti námskrárinnar er almennur og hnitmiðaður og tryggir rafræn birting auðvelt aðgengi að innihaldinu. Skólanámskráin verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti framhaldsskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla, að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Jafnframt að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr.).

Í námskrá skólans er [sjálfsmatsstefna](#)¹ skólans skilgreind og krækja í [sjálfsmatssíðu](#)² þar sem má m.a. finna [verkáætlun](#), [sjálfsmatsskýrslur](#) síðustu ára og [niðurstöður ytra mats](#).

Þróunarstjóri skólans er ábyrgur fyrir innra mati og hefur yfirumsjón með skipulagi þess og framkvæmd. Í [verk- og framkvæmdaáætlun](#) eru tilgreindar áætlaðar aðgerðir eins og úttektir, kannanir, o.fl. til næstu ára.

Skólinn birtir niðurstöður sjálfsmats á heimasíðu skólans undir liðnum Skólinn - Sjálfsmat. Niðurstöðum er ætlað að draga fram sterkar og veikar hliðar í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í könnunum.

Á grundvelli niðurstöðu í þessum könnunum verður og hefur verið gripið til aðgerða. Í sjálfsmatsskýrslu er gert grein fyrir niðurstöðunum og tillögur til úrbóta kynntar og svo framkvæmdar ef þörf er á.

¹ Sjálfsmatsstefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/mat/sjalfsmat/>

² Sjálfsmatssíða: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfsmatssida/>

Verk- og framkvæmdaráætlun 2011-2014

Haustönn 2011 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Starfsmannaviðtöl • Endurskoðun skólanámskrár • Starfshópur um umsjónarkerfi • Könnun á umhverfisvitund nemenda • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)	Vorönn 2012 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Viðhorfskönnun nemenda (almenn líðan) • Endurskoðun skólanámskrá (námsbrautir) • Skýrslur kennslustjóra • Upplýsingar um námsárangur og brottfall • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)
Haust 2012 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Endurskoðun skólanámskrá (námsbrautir) • Úttekt á framhaldsnámi sjúkraliða og lyfjatækna (lýkur í mars 2013) • Úttekt á mötuneyti • Stýrihópur endurskoðar umsjónarkerfið • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)	Vorönn 2013 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Endurskoðun skólanámskrá (námsbrautir) • Úttekt á þjónustu stoðsviða • Úttekt á fjarkennslu • Skýrslur kennslustjóra • Upplýsingar um námsárangur og brottfall • Brottfallsgreining • Ráðstefna um námsmat • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)
Haustönn 2013 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Endurskoðun skólanámskrá (áfangalýsingar) • Þjónustukönnun • Starfsmannaviðtöl • Starfsánægjumat • Sjálfsmat kennara / jafningjamat • Úttekt á áætluninni gegn einelti og lýðheilsustefnu • Úttekt á stöðu jafnréttismála • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)	Vorönn 2014 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Endurskoðun skólanámskrá (áfangalýsingar) • Starfsmannaviðtöl • Úttekt á fjölmenningaráætlun • Skýrslur kennslustjóra • Upplýsingar um námsárangur og brottfall • Brottfallsgreining • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)


Innra mat

Niðurstöður kennslumats á haustönn 2011 og vorönn 2012

Könnunin fór fram í gegnum kennslumatsvef SPlist með krækju á heimasíðu skólans. Kennslustjórar ákváðu hvaða áfanga skyldi meta. Áfangar fara í kennslumat á tveggja til þriggja anna fresti. [Niðurstöður kennslumats](#)³ eru á heimasíðu skólans.

Svarhlutfall á vorönn 2012 var 43,2%. Þetta er lægra svarhlutfall en var á haustönn 2011 með 44,6% og eru þetta vonbrigði þar sem kennarar og kennslustjórar völdu sjálfir áfanga sem fóru í kennslumat. Kennarar voru beðnir um að ráðstafa einni kennslustund til að láta nemendur svara könnuninni, panta fartölvuvagn fyrir þá nemendur sem ekki voru með tölvu eða panta tíma í tölvuveri. Kennslumatið er í endurskoðun og mun starfshópur leggja fram tillögu fyrir vorönn 2013. Sama form á kennslumati verður hins vegar notað á haustönn 2012.

Mikil fylgni er í öllum niðurstöðum kannana frá haustönn 2011 og vorönn 2012 og er fylgnistuðullinn jákvæður ($R=0,8536$). Er hér um marktæka fylgni að ræða. Nemendur gáfu stig frá 1 (mjög ósammála) og upp í 4 (mjög sammála). Meðaltal vorannar 2012 er merkt inn á stöplaritið.




³ Kennslumatssíða: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfsmatssida/kennslumat/>

Mat nemenda á kennarum var oftast hærra en á haustönn 2011 og yfir meðaltali síðustu ára. Kennarar fá góðar einkunnir hjá nemendum fyrir stundvísi (3,7), góðan undirbúning (3,6), gott viðmót (3,6), góðar útskýringar (3,5) og skil á verkefnum (3,5). Mat nemenda á notkun kennarans á fjölbreyttum kennsluaðferðum hækkaði úr 3,1 í 3,3 á milli anna, en mætti gera enn betur.

Mat nemenda á námsbókum (3,1) hefur hækkað en er enn lágt miðað við mat á öðrum námsgögnum. Miðað við annars hátt mat á kennslu er mat nemenda á því hvort námið gagnist þeim í framtíðinni heldur lágt (3,2) .

Nemendur gáfu kennurum sínum 8,6 í einkunn og er það töluverð hækkun frá meðaltali síðustu anna. Þessi árangur staðfestir metnað kennara til að standa sig framúrskarandi vel í kennslu.



Nemendum gafst tækifæri til að koma sinni skoðun á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda verða send kennurum viðkomandi áfanga.

Niðurstöður kennslumats verða lagðar til grundvallar í starfsmannasamtölum skólustjórnenda við kennara.

Niðurstöður kennslumats eru aðgengilegar á heimasíðu skólans:

<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfsmatssida/kennslumat/>


Viðhorfskönnun nemenda

Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði menntamálaráðuneytisins skólaárið 2012-2013 til að kanna viðhorf og hagi nemenda í skólanum. Efnið hefur verið kannað áður en ekki hefur verið til fjármagn til að vinna að ráði úr þeim könnunum. Af könnuninni má draga almennar ályktanir um hagi og viðhorf nemendanna og nota hana til að betrumbæta námskrá skólans. Um könnunina sá Hannes Í Ólafsson, félagsfræðikennari og kennslustjóri á félagsfræðabraut.

Með leyfi hans eru hér nokkrar niðurstöður könnunarinnar birtar. Allar niðurstöður verða aðgengilegar á heimasíðu skólans, þegar lokaskýrsla verkefnisins liggur fyrir.

Könnunin var lögð fyrir miðvikudaginn 22. mars 2012. Í könnuninni náðist til 300 nemenda, 120 pilta og 179 stúlkna. Spurningarnar voru gerðar í samráði við skólastjórnendur og þróunarstjóra skólans. Niðurstöður voru unnar í SPSS tölfraeðiforritinu og í Excel töflureikni.


1. Hvernig líður þér almennt í skólanum?



5% nemendum líður illa eða mjög illa.

Stefnt er að því að skoða nánar hvað veldur því að um 5% nemenda líður illa eða mjög illa í skólanum.


2. Neytir þú tóbaks daglega?



26% nemenda sögðust neyta tóbaks daglega.

Stefnt verður að því með auknu forvarnarstarfi að draga úr neyslu tóbaks.


3. Telur þú þig hafa orðið fyrir einelti einhvern tímann á skólagöngu þinni?



32,3% nemenda segjast hafa orðið fyrir einelti í grunnskóla, en einungis 3,7% í framhaldsskóla.

Einelti er ekki undir neinum kringumstæðum umborið í FÁ. Úttekt á eineltisáætlun verður gerð á haustönn 2013.


4. Þarf að leggja meiri áherslu á jafnrétti kynjanna í skólastarfi FÁ en nú er gert?



23% telja að meiri áherslu þurfi að leggja á jafnrétti kynja í skólastarfi.

Á haustönn 2012 verður ný jafnréttisáætlun kynnt. Á haustönn 2013 verður gerð úttekt á stöðu jafnréttismála.


5. Þarf að leggja meiri áherslu á fræðslu um fordóma í skólastarfi FÁ en nú er gert?



Tæplega helmingur nemenda telur að leggja þurfi meiri áherslu á fræðslu um fordóma.

Hér vantar úttekt á fjölmenningsstefnu skólans.


6. Flokkar þú ruslið þitt í skólanum?



85% nemenda segjast flokka rusl sitt í skólanum oftast eða alltaf.

Með aukinni fræðslu verður stefnt að því að hækka hlutfallið enn meira.


7. Hvernig ferð þú oftast í skólann?



64% nemenda koma akandi í skólann og eingöngu 24% taka strætisvagn.

Með bættri aðstöðu fyrir hjólréiðamenn verður reynt að auka hlutfall þeirra sem koma hjólandi. Boðið er upp á hjólréiðaáfanga og fjallgöngu til að efla heilbrigða lífshætti.


8. Finnst þér umsjónartímarnir gagnlegir?



Tæplega helmingur nemenda telja umsjónartíma ekki gagnlega. Í könnun 2010/2011 svöruðu 70% með „nei“.

Enn er hlutfall þeirra sem eru óánægðir með umsjónarkerfið of hátt. Á vorönn var stýrihópur kallaður saman til að vinna að endurskoðun umsjónarkerfis. Sú vinna heldur áfram.


9. Hvar kaupir þú oftast hádegismat á skólatíma?



Eingöngu 13% nemenda segjast borða í mótuneyti skólans og 22% annars staðar en í skólanum.

Á haustönn 2012 verður gerð úttekt á mótuneyti skólans til að bæta þjónustu við nemendur og fjölga þeim sem borða í mótuneytinu.

10. Hvernig vilt þú hafa lokamat í áföngum?



50% nemendur vilja fá mat án lokaprófs og 27% þar sem lokapróf gildir 40% eða minna.

Í námskrá skólans stendur að í námsmati sé „lögð áhersla á hvers kyns símat sem á sér stað jafnt og þétt meðan á námi stendur“. Þessu þarf að fylgja eftir með kynningum á símataðferðum. Stefnt er að ráðstefnu um námsmat á vorönn 2013.

Niðurstöður þessar eru eingöngu útdráttur úr lokaskýrslu um viðhorfsskönnun nemenda. Lokaskýrslan verður gerð aðgengileg í fullri lengd nemendum og starfsmönnum skólans þegar hún liggur fyrir.


Brottfall

Brottfall er tvíþætt, annars vegar brotthvarf nemenda úr skóla og hins vegar brottfall úr einstökum áföngum og úr námi.

Hátt hlutfall nemenda hættir námi eða skiptir um skóla og fylgir því mikil breyting á nemendahópi á hverri önn. Í upphafi vorannar 2012 voru 1015 nemendur skráðir í dagskóla. 113 nemendur útskrifuðust úr dagskóla og 603 nemendur héldu áfram námi á haustönn 2012. Tæplega 30% nemendur hurfu úr námi, annað hvort hættu þeir námi, tóku sér hlé eða þeir skiptu um skóla.

Markmið skólans er að minnka brotthvarf nemenda og er stefnt að því að brotthvarf nemenda á haustönn 2012 verði undir 23%. Í aðgerðaáætlun skólaársins 2012-2013 er stefnt að því að gera könnun á því hvers vegna nemendur hætta í námi. Haft verður samband við brotthvarfsnemendur og lagðar fyrir þá munnlega nokkrar spurningar um hvers vegna þeir hættu námi við FÁ. Niðurstöðurnar eiga að hjálpa skólanum að greina vandamálið enn frekar og gera viðeigandi útbætur. Nauðsynlegt er að kanna brotthvarf nemenda betur og greina hvaða nemendur hætta námi eða hverfa til annarra skóla.

Brottfall nemenda úr einstökum áföngum í dagskóla hefur verið áhyggjuefni og hefur verið í kringum 15%.



Á vorönn 2012 var að meðaltali yfir 19% brottfall í kjarnagreinum Dönsku, Ensku, Íslensku og stærðfræði. Meðaltal fyrir tímabilið frá haustönn 2010 til vorannar 2012 er u.þ.b. 16.%.

Áfangi	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Meðaltal
DAN102	7,1%	10,2%	26,5%	20,8%	16,2%
DAN103	19,1%		5,4%		12,3%
DAN193	14,3%		7,7%		11,0%
DAN202	16,3%	3,1%	16,5%	17,0%	13,2%
DAN203		21,4%		15,6%	18,5%
DAN212	18,4%	0,0%	10,7%	16,3%	11,4%
DAN303		0,0%		25,0%	12,5%
ENS102	18,6%	16,7%	17,7%	18,6%	17,9%
ENS103	8,6%	0,0%	7,0%		5,2%
ENS193	30,0%		30,8%		30,4%
ENS202	30,3%	4,8%	17,2%	17,9%	17,5%
ENS203	11,8%	2,5%	23,1%	9,8%	11,8%
ENS212	11,3%	6,7%	17,2%	18,5%	13,4%
ENS303	8,9%	5,4%	14,3%	10,7%	9,8%
ENS403	10,9%	3,4%	19,5%	6,6%	10,1%
ENS503	13,0%	3,3%	16,7%	9,1%	10,5%
ENS603	19,0%		15,8%		17,4%
ÍSL102	15,0%	10,7%	21,9%	42,1%	22,4%
ÍSL103	20,0%		18,5%		19,3%
ÍSL193	23,5%		17,4%	40,0%	27,0%
ÍSL202	22,6%	14,1%	24,7%	22,9%	21,1%
ÍSL203	0,0%	6,1%	0,0%	3,4%	2,4%
ÍSL212	20,0%	10,0%	19,0%	20,3%	17,3%
ÍSL303	13,0%	5,8%	13,5%	12,8%	11,3%
ÍSL403	17,4%	4,2%	7,1%	15,0%	10,9%
ÍSL503	13,0%	3,6%	15,1%	7,6%	9,8%
STÆ093	18,5%		21,4%		20,0%
STÆ102	19,5%	11,0%	22,5%	29,4%	20,6%
STÆ103	12,9%		7,7%		10,3%
STÆ122	21,5%	21,2%	21,3%	28,9%	23,2%
STÆ193	13,9%	21,4%	24,7%	37,2%	24,3%
STÆ202	9,6%	17,6%	27,8%	38,8%	23,5%
STÆ203	47,4%	31,8%	27,8%	28,6%	33,9%
STÆ303	12,2%	8,6%	26,1%	30,0%	19,2%
STÆ403	25,0%	17,2%	13,5%	11,8%	16,9%
STÆ503	16,0%	10,0%	15,4%	13,6%	13,8%

Áberandi er hærri brottfall í hægferðaráföngum DAN102, ENS102, ÍSL102 og STÆ102 en í þriggja eininga áföngunum DAN103, ENS103, ÍSL103 og STÆ103. Einnig er áberandi hátt brottfall í fornámsáföngum ENS193, ÍSL193 og STÆ093.

Jón Torfi Jónasson prófessor hefur í tveimur langtímarannsóknum⁴ kannað námsframvindu íslenskra ungmenna. Rannsóknirnar veita mikilvægar upplýsingar um námsárangur, próflok, brottfall og viðhorf nemenda í framhaldsskólum. Í báðum rannsóknum koma fram skýr tengsl milli einkunna á samræmdu prófi í íslensku og stærðfræði við lok grunnskóla og námsframvindu í framhaldsskóla.

Munur á árangri nemenda í hægferðum og þriggja eininga áföngum í kjarnagreinum styður þessar niðurstöður.

Í flestum áföngum er brottfall nemenda á bilinu 0-5%. Meira brottfall var á vorönn 2012 en á haustönn 2011. Í rúmlega 40% áfanga (41,9%) á vorönn 2012 var brottfall yfir 10%.

	Brottfall (%)	f	Haut 2010	Vor 2011	Haut 2011	Vor 2012
5%	0-5	104	32,8%	47,4%	39,0%	45,4%
10%	6-10	29	14,6%	25,8%	16,9%	12,7%
15%	11-15	30	15,2%	12,1%	14,4%	13,1%
20%	16-20	26	17,2%	6,8%	12,3%	11,4%
25%	21-25	12	9,6%	3,7%	6,7%	5,2%
30%	26-30	9	3,5%	0,5%	4,1%	3,9%
35%	31-34	4	3,0%	1,6%	1,5%	1,7%
40%	35-40	5	1,0%	0,0%	2,6%	2,2%
45%	41-45	2	0,5%	0,5%	0,5%	0,9%
50%	46-50	0	2,0%	0,0%	0,5%	0,0%
55%	51-55	1	0,0%	0,0%	0,0%	0,4%
60%	56-60	1	0,0%	0,0%	0,5%	0,4%
65%	61-65	2	0,0%	0,0%	0,0%	0,9%
70%	66-70	0	0,0%	0,0%	0,5%	0,0%
75%	71-75	0	0,0%	0,5%	0,0%	0,0%
80%	76-80	0	0,0%	0,5%	0,0%	0,0%
85%	81-85	1	0,0%	0,0%	0,0%	0,4%
90%	86-90	0	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
95%	91-95	0	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
100%	96-100	3	0,5%	0,5%	0,5%	1,3%

Markmið skólans er að minnka brottfall nemenda í kjarnagreinum Ensku, Íslensku og stærðfræði undir 15%.

⁴ Jón Torfi Jónasson og Andrea Jónsdóttir: Námsferill í framhaldsskóla, Reykjavík 1992 og Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal: Ungt fólk og framhaldsskólinn, Reykjavík 2002.

Mjög hátt brottfall er í kjarnagreinunum dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði.

Áfangi	Haut 2010	Vor 2011	Haut 2011	Vor 2012	Meðaltal
DAN103	79,6%	74,1%	78,4%	57,5%	72,4%
DAN203	62,2%	38,7%	41,4%	36,4%	44,7%
DAN303	42,9%	15,4%	44,0%	41,2%	35,9%
DAN403	58,3%	11,1%	40,0%	30,0%	34,9%
ENS103	63,7%	51,9%	50,7%	72,4%	59,7%
ENS203	53,8%	27,9%	38,1%	28,4%	37,1%
ENS303	44,7%	38,3%	32,9%	36,4%	38,1%
ENS403	25,0%	29,0%	29,3%	29,4%	28,2%
ENS503	36,0%	23,8%	42,3%	33,3%	33,9%
ENS603	18,2%	33,3%	31,6%	12,5%	23,9%
ÍSL102	48,8%	53,5%	50,0%	61,5%	53,5%
ÍSL103	65,6%	66,7%	63,6%	63,6%	64,9%
ÍSL202	45,1%	56,1%	51,4%	66,7%	54,8%
ÍSL203	45,9%	52,4%	66,7%	51,9%	54,2%
ÍSL212	31,6%	27,6%	30,6%	36,7%	31,6%
ÍSL303	37,2%	32,8%	33,3%	34,8%	34,5%
ÍSL403	23,8%	37,5%	34,1%	24,6%	30,0%
ÍSL503	32,9%	32,0%	37,3%	34,2%	34,1%
STÆ102	77,9%	54,1%	60,0%	60,3%	63,1%
STÆ103	58,1%	78,3%	73,1%	81,3%	72,7%
STÆ122	54,8%	54,8%	42,9%	58,5%	52,7%
STÆ202	45,7%	46,9%	40,0%	42,9%	43,9%
STÆ203	72,7%	46,7%	64,0%	63,0%	61,6%
STÆ303	58,3%	58,8%	55,6%	48,7%	55,4%
STÆ313	28,0%	28,6%	44,0%	32,1%	33,2%
STÆ403	45,5%	64,3%	61,3%	53,8%	56,2%
STÆ503	45,5%	46,4%	38,1%	80,0%	52,5%

Á vorönn 2012 var brottfall nemenda úr einstökum áföngum að meðaltali 39,4% og á haustönn 2011 35,7%.

Leita þarf skýringar á háu brottfalli nemenda í fjarnámi.

Námskrá

Námskrá skólans var endurskoðuð á haustönn 2010 og vorönn 2011. [Drög að nýjum almennum hluta](#)⁵ voru kynnt í byrjun haustannar 2011 og eru aðgengileg á heimasíðu skólans undir Nám – Námskrá. Allt frá kynningu hefur námskráin verið í stöðugri þróun og endurnýjun.

Skólanámskrá Fjölbrautaskólans við Ármúla er í tveimur hlutum. Í almennum hluta hennar eru upplýsingar um skipulag skólans, starfsemi hans og stefnu í víðum skilningi. Í öðrum hluta eru hins vegar námsbrautalýsingar. Þessi efnisafmörkun námskrárinnar er í fullu samræmi við ákvæði 22. greinar laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 þar sem vikið er að skyldu hvers framhaldsskóla til að gefa út skólanámskrá.

Sú ákvörðun hefur verið tekin að birta skólanámskrána eingöngu á vef skólans. Kaflarnir eru hnitmiðaðir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmið skólans. Í hverjum kafla eru tenglar sem vísa í ítarlegri áætlanir, lýsingar, deilimarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífældri endurskoðun. Af þessu sjást skýrt kostir útgáfu á rafrænu formi. Með slíkri útgáfu er hægt að tengja skólanámskrá og skólastarf á hverjum tíma nánari böndum en unnt er með hefðbundinni útgáfu á prenti. Ekki er nóg með að texti námskrárinnar sé almennur og hnitmiðaður heldur tryggir rafræn birting einnig auðvelt aðgengi að innihaldinu. Skólanámskráin verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

Almenni hluti skólanámskrár verður borinn undir atkvæði á haustönn 2012. Samhliða er vinna hafin að endurskoða námsbrautir skólans.

Umsjón með endurskoðun og þróun skólanámskrár hefur verið í höndum Helmut H. Hinrichsen þróunarstjóra.

⁵ Námskrá: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/>

Stefnur og skýrslur

Eineltisstefna

Starfshópur starfsmanna og nemenda vann að því að semja eineltisstefnu og viðbragðsáætlun á haustönn 2010 og vorönn 2011. [Eineltisstefna](#)⁶ er hluti af námskrá skólans og ásamt eineltisáætlun aðgengileg á heimasíðu skólans. Úttekt verður gerð á áætluninni gegn einelti á haustönn 2013.

Fjölmenningarstefna

Á vorönn 2012 voru 93 nemendur frá 28 löndum skráðir í skólann. Kennslustjóri nýbúadeildar hefur yfirumsjón með nemendunum. Skólinn hefur sett sér [fjölmenningarstefnu](#)⁷ og [fjölmenningaráætlun](#)⁸. Stefna skólans er að móta jákvæð viðhorf til fjölmenningar, jafnt meðal kennara sem nemenda, svo hver og einn nemandi fá notið sín á sínum forsendum. Úttekt verður gerð á fjölmenningaráætlun á vorönn 2014.

Umhverfis- og samgöngustefna

Skólinn hefur sett sér [umhverfis- og samgöngustefnu](#)⁹. Umhverfisnefnd hefur verið starfrækt í skólanum frá vordögum 2005 ásamt sérstöku umhverfisráði nemenda sem tók til starfa í september 2005. Frá árinu 2005 hefur skólinn verið skráður í Grænfánaverkefnið sem Landvernd sér um á Íslandi. Í september 2006 tók Fjölbrautaskólinn við Ármúla við Grænfánanum, fyrstur íslenskra framhaldsskóla. Skólinn hefur hlotið Grænfánann æ síðan og fær Grænfánann afhendan í fjórða sinn 17. október 2012. Úttekt verður gerð á stöðu samgöngumála á haustönn 2013.

Jafnréttisstefna

Jafnréttisfulltrúi hefur unnið að gerð jafnréttisáætlunar og verður hún kynnt í drögum á starfsmannafundi 12. október 2012. Úttekt verður gerð á stöðu jafnréttismála á haustönn 2013.

Lýðheilsustefna

Skólinn hefur sett sér [lýðheilsustefnu](#)¹⁰ og tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Markmið er að hafa áhrif á viðhorf og tilfinningu nemenda fyrir heilbrigðu lífi. Úttekt verður gerð á stöðu lýðheilsamála á haustönn 2013.

Gæðastefna

Skólinn hefur sett sér [gæðastefnu](#)¹¹ og fóru stjórnendur ásamt kennslustjórum bóknáms í upphaf haustannar 2012 í skólaheimsókn í Verkmenntaskólann á Akureyri til að kynna sér gæðakerfi skólans. Vottað gæðamat verður tekið upp í áföngum og hefur þróunarstjóri umsjón með því.

⁶ Eineltisstefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/starfsemi/einelti/>

⁷ Fjölmenningarstefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/starfsemi/fjolmenningarstefna/>

⁸ Fjölmenningaráætlun: <http://www.fa.is/thjonusta/nybuar/deilimarkmid-og-fjolmenningaraaetlun/>

⁹ Umhverfis- og samgöngustefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/starfsemi/umhverfisstefna/>

¹⁰ Lýðheilsustefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/starfsemi/lydheilsustefna/>

¹¹ Gæðastefna: <http://www.fa.is/nam/nynamskra/mat>

Starfsmannaviðtöl

Skólameistari, aðstoðarskólameistari og kennslustjórar tóku viðtöl við starfsmenn þar sem farið var yfir niðurstöður kennslumats, óskir og væntingar starfsmanns til skólans, endurmenntun o.fl. Niðurstöður liggja fyrir hjá viðkomandi stjórnanda. Stefnt er að því að framkvæma starfsmannasamtöl á báðum misserum (haust og vor) þar sem tímaramminn er of knappur að klára þau á einu misseri.

Skýrslur kennslustjóra

Kennslustjórar skila skýrslum í lok hvers skólaárs um starfsemi viðkomandi brauta. Kennslustjórar bóknáms skiluðu sameiginlegri skýrslu um skólaárið 2011/2012 og liggja niðurstöður fyrir hjá skólameistara.

[Ársskýrsla bókasafns](#)¹² er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Nám er vinnandi vegur – átaksverkefni fyrir atvinnuleitendur.

Verkefnið á að tryggja öllum umsækjendum nám í framhaldsskóla að 25 ára aldri sem uppfylla skilyrði um skólavist haustið 2011 og næstu tvö skólaár þar á eftir.

130 nemendur voru skráðir í skólann á vegum verkefnisins. Töluvert brottfall/-hvarf var í hópnum og var Sandra Þóroddsdóttir ráðinn náms- og starfsráðgjafi í desember 2011 til þess að halda utan um þennan hóp nemenda. Henni til aðstoðar var myndað stuðningsteymi með Eiríkur Brynjólfsson, kennslustjóri almennar – og framhaldsskólabrautar, Helmut Hinrichsen, þróunarstjóri, og Hildur Jóhannsdóttir, fagstjóri í uppeldisfræði, sálfræði og lífsleikni.

Í skýrslu [Nám er vinnandi vegur](#)¹³ er gert grein fyrir framvindu átaksverkefnisins, árangur þess og vandkvæði.

Erlent samstarf

Skólinn tók þátt í tveimur Comenius-verkefnum á skólaárinu 2011/2012, Teaching and learning together in a virtual Europaen classroom og [Rutas Literarias en Europa](#), í tveimur Nordplus-verkefnum, [Outdoor Activities](#) og [Mononet](#), og í nemendaskiptum á vegum Leonardo fyrir sjúkraliðanema. Umsjón með erlendu samstarfi hefur Helmut Hinrichsen, þróunarstjóri.

¹² Ársskýrsla bókasafns: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/bokasafn/arsskyrsla/>

¹³ Nám er vinnandi vegur: <http://www.fa.is/nam/nam-er-vinnandi-vegur/>

Ytra mat

Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur eftirlit með því að framhaldsskólar uppfylli þær skyldur sem lög og reglugerðir og aðalnámskrá framhaldsskóla kveða á um. Reglubundið ytra mat ráðuneytisins felst í úttektum, könnunum og rannsóknum ásamt almennri öflun, greiningu og miðlun upplýsinga.

Úttekt á starfsemi skólans fór fram október 2010 til janúar 2011. Niðurstöður úttektar¹⁴ eru á heimasíðu skólans.

Úttektaraðilar gerðu eftirfarandi tillögur til úrbóta á skólastarfinu í framhaldi af því sem fram kemur í úttektinni:

1. Styrkja þarf ímynd skólans út á við á markvissan hátt þannig að hann fái notið sérstöðu sinnar og styrkleika.
2. Stefna skólans verði í fyrirrúmi í kynningum á skólanum og nýtt til að laða sterkari nemendur að honum.
3. Skólinn nýti í kynningum menntunargildið sem felst í því að sérdeild er hluti af starfsemi skólans.
4. Aðkoma nemenda að mótun skólastefnu sé skýr.
5. Starf þróunarstjóra sé betur skilgreint.
6. Skýrt sé í starfslýsingum skólans hver sé ábyrgur fyrir sjálfsmatinu.
7. Sjálfsmatsáætlun verði endurnýjuð til samræmis við lög um framhaldsskóla frá 2008, reglugerðir, aðalnámskrá og skólasamning.
8. Sjálfsmatsskýrslur byggist á altækari gögnum en viðhorfskönnunum.
9. Áhættumat verði gert fyrir skólann.
10. Tryggt sé að allir starfsmenn virði stefnu skólans.
11. Mótuð verði eineltisstefna fyrir nemendur og starfsmenn hið fyrsta og tryggt að hún verði kynnt reglulega.

Skólameistari svaraði með bréfi til ráðuneytis 24. mars 2011 og gerði grein fyrir þeim úrbótum sem skólinn ætlar að grípa til. Allar úrbætur hafa verið gerðar.

¹⁴ Niðurstöður úttektar á starfsemi skólans:

http://www.fa.is/ritstjorn/sjalfsmat/utt_fjolbrautask_armula_2011.pdf

Stofnun ársins 2012


Á vorönn var framkvæmd starfsánægjukönnun á vegum fjármálaráðuneytisins í samvinnu SFR og VR á Stofnun ársins 2012 á starfsskilyrðum og líðan þeirra á vinnustað.

SFR er í samstarfi við VR um framkvæmd könnunarinnar, sem er tvískipt, annars vegar launakönnun og hins vegar starfsánægjukönnun, og hefur hingað til verið gerð fyrir VR á almennum markaði og SFR hjá ríkisstofnunum.

Þetta er í annað skipti sem skólinn tekur þátt í þessari könnun og eru niðurstöður svipaðar í Stofnun ársins 2011 og 2012.

Þátttakan var 57,3% árið 2011 og 53,9% árið 2012.

Helstu niðurstöður - Þættir




Skólinn kemur vel út í samanburði við aðra framhalds- og háskóla og að jafnaði yfir meðaltali. Veikleikar skólans eru trúverðugleiki stjórnenda og ímynd stofnunar, styrkleikar eru launakjör og vinnuskilyrði.

Allar niðurstöður [starfsánægjumats](http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfsmatssida/starfsanaegjumat/)¹⁵ eru á heimasíðu skólans.

¹⁵ Starfsánægjumat: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/sjalfsmatssida/starfsanaegjumat/>

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við framhalds- og háskóla



Niðurstöður eru svipaðar eins og í Stofnun ársins 2011. Trúverðugleiki stjórnenda hefur heldur minnkað og sveigjanleiki vinnu er yfir meðaltali núna en annað hefur staðið í stað.

Skólinn setur sér það markmið að bæta ímynd skólans og efla trúverðugleika stjórnenda.

Greining á vinnustaðamenningu sérnámsbrautar

Jónína Guðrún Reynisdóttir gerði rannsókn á starfinu á sérnámsbraut á vorönn 2012 í meistararitgerð sinni. Allir starfsmenn fóru í klukkutíma viðtal.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna mikla styrkleika brautarinnar en benda jafnframt á veikleika sem verður að laga.

Styrkleikar eru:

- ▶ Sterkur leiðtogi
- ▶ Gleði og ánægja
- ▶ Samheldni
- ▶ Frelsi til athafna
- ▶ Samskipti og samvinna á jafningjagrundvelli
- ▶ Faglegt starf.

Veikleikar eru:

- ▶ Lítil samvinna, samgangur og samskipti milli bekkja
- ▶ Óvissa í samskiptum þegar ræða þarf viðkvæm mál
- ▶ Vantar hvatningu í starfi
- ▶ Skortur á sameiginlegum fundum
- ▶ Vantar millistjórnendur til að taka ákvarðanir ?
- ▶ Félagslífið síðustu misseri ábótavant

Kynning á [niðurstöðum rannsóknarinnar](#)¹⁶ eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Á vegum mennta- og menningamálaráðuneytis er búið að taka viðtal við alla foreldra nemenda sérnámsbrautar. Niðurstöður viðtala eru væntanlegar.

¹⁶ Kynning á rannsókn á starfssemi sérnámsbrautar:

http://www.fa.is/ritstjorn/sjalfsmat/sernamsbraut/kynning_sernamsbraut_10mai.pdf

Markmið og úrbætur

Nemendum og starfsmönnum líði vel í skólanum

1. Niðurstöður viðhorfskönnunar nemenda á vorönn 2012 verður kynntar á vorönn 2013.
Könnunin verður höfð til viðmiðunar í að bæta líðan nemenda.
2. Gerð verði starfsánægjumat á haustönn 2013
Niðurstöður mats verða hafðar til viðmiðunar í umbótarstarfi.
3. Úttekt verð gerð á áætluninni gegn einelti á haustönn 2013.
Niðurstöður verða lagðar til grundvallar við aðgerðaráætlun gegn einelti.
4. Úttekt verður gerð á stöðu lýðheilsamála í skólanum á haustönn 2013.
Niðurstöður verða hafðar til hliðsjónar í endurskoðun aðgerðaráætlunar átaksværkefnisins Heilsueflandi framhaldsskóli.
5. Brotthvarfsgreining verður framkvæmd á vorönn 2013.
Brotthvarf nemenda verður skoðað nánar með því að taka viðtöl við þá og greina ástæður þess að þeir hverfa frá námi. Niðurstöður verða nýttar til að framkvæma fyrirbyggjandi aðgerðir gegn brotthvarfi.

Unnið verði að innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga

1. Almennur hluti námskrár verður borinn undir atkvæði á haustönn 2012 og kynntur fyrir nemendum, foreldrum og starfsmönnum.
2. Vinnu við námsbrautarlýsingar verður lokið á vorönn 2013.
3. Áfangalýsingar verða endurskoðaðar á haustönn 2013 og vorönn 2014.

Innra mat verði bætt

1. Úttektaráætlun innra mats til næstu tveggja ára hefur verið skilgreind.
2. Innleiðing vottaðs gæðakerfis.
Undirbúningur hófst á haustönn 2012 með skólaheimsóknum. Skipaður verður vinnuhópur sem leggur drög að innleiðingu vottaðs gæðakerfis. Tilgangur með því er að skilgreina helstu ferla og tryggja gæði skólastarfsins.

Þjónusta skólans verður efla

1. Skólinn setur sér þjónustustefnu sem hefur að markmiði að skilgreina nánar hvers konar þjónusta er veitt.
2. Framkvæmd verður úttekt á þjónustu skólans á haustönn 2013.
Könnuð verður þjónusta skrifstofu, bókasafns, tölvuþjónustu o.fl. Niðurstöður verða notaðar til að bæta og efla þjónustu skólans.
3. Úttekt á mötuneyti skólans fer fram á haustönn 2012.
Niðurstöður verða nýttar til að bæta og efla mötuneyti og auka þjónustu við nemendur og starfsfólk.
4. Úttekt á þjónustu stoðdeilda, þ.e. dyslexíu, nýbúadeildar og náms- og starfsráðgjafa á vorönn 2013.
Niðurstöður rýndar til að greina hvað vel er gert og hvað má efla.
5. Endurskoðun á umsjónarkerfi skólans.
Stýrihópur vinnur tillögur að nýju og skilvirkara fyrirkomulagi og skilur lokaskýrslu á vorönn 2013.

Kennsla verði bætt

1. Kennslukönnun verður lögð fyrir nemendur í völdum áföngum. Stýrihópur er kallaður saman til að endurskoða kennslumatið og leggur fram tillögu á vorönn 2013.
Stefnt er að því að auka þátttöku nemenda í kennslumati með sérstöku átaki stjórnenda og kennslustjóra. Niðurstöður kennslumats verða notaðar í starfsmannaviðtölum. Kennslumatið á að stuðla að bættri kennslu.
2. Innleitt verði sjálfsmat kennara / jafningjamat á haustönn 2013.
Jafningjamat verði valmöguleiki fyrir kennara þegar kemur að mati á kennslu og leiða að bættri kennslu.
3. Ráðstefna verður haldin á vorönn 2013 og verður lögð sérstök áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat.
Með kynningu á nýjum kennsluháttum er stefnt að því að fleiri kennarar taki upp fjölbreyttari kennsluhætti og fjölbreyttara námsmat.
4. Úttekt verður gerð á framhaldsnámi sjúkraliða og lyfjatakna á haustönn 2012 og lýkur í mars 2013.
Niðurstöður úttektar verða notaðar til að gera viðeigandi breytingar ef þörf er á.

5. Úttekt á fjarkennslu fer fram á vorönn 2013.

Sérstök viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur og starfsfólk í þeim tilgangi að efla þjónustu við fjarnámsnemendur og um leið minnka brottfall.

Reykjavík, 9. október 2012



Helmut Hinrichsen, þróunarstjóri



Steinn Jóhannsson, skólameistari